



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Miðvikudagurinn 21. desember, 2011

Ákvörðun nr. 41/2011

Viðskipti Landsbankans hf. og Bifreiðainnflutnings ehf. með eignarhluti í Toyota á Íslandi ehf.

I.

Málavextir og málsmeðferð

Með bréfi frá Bifreiðainnflutningi ehf. (hér eftir nefnt BIF), dags. 14. júlí 2011, var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um að samruni hefði átt sér stað vegna viðskipta með eignarhluti í Toyota á Íslandi ehf. (hér eftir nefnt Toyota). Meðfylgjandi bréfinu var samrunaskrá, tekin saman í samræmi við 5. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga nr. 44/2005 og reglur nr. 684/2008 um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum.

Í samrunaskránni kemur fram að hún sé tekin saman af BIF og Landsbankanum hf. (hér eftir nefndur Landsbankinn eða bankinn) vegna kaupa BIF á 60% eignarhlut í Toyota af Landsbankanum. Fram kemur í samrunaskránni að Landsbankinn kæmi að gerð samrunaskrárinnar þar sem bankinn hefði áður keypt 100% eignarhlut í Toyota og selt 60% hlut þegar í stað til BIF.

Viðræður Samkeppniseftirlitsins við BIF og Landsbankann hafa leitt til þess að Landsbankinn og BIF hafa gengist undir sátt í málinu á grundvelli 17. gr. f samkeppnislaga og 22. gr. reglna um málsmeðferð Samkeppniseftirlitsins nr. 880/2005. Sáttin felur í sér að samruna þessum eru sett skilyrði, en nánar er vikið að þeim í niðurstöðukafla þessarar ákvörðunar.

II.

Samruninn

Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yferráðum til frambúðar. Getur slík breyting m.a. falið í sér að einn eða fleiri aðilar, sem þegar hafa yferráð yfir a.m.k. einu fyrirtæki, ná beinum eða óbeinum yferráðum, í heild eða að hluta, yfir einu eða fleiri fyrirtækjum til viðbótar með því að kaupa verðbréf eða eignir, með samningi eða öðrum hætti.

Samruni sá sem hér er til umfjöllunar átti sér stað með þeim hætti að Landsbankinn hf. keypti alla eignarhluti í Toyota af Landsbanka Íslands hf. og seldi um leið 60% eignarhlut í félaginu til BIF. Í samrunaskránni segir að markmið samrunans sé að tryggja áframhaldandi rekstur Toyota. Fjárhagsleg staða félagsins hafi verið afar slæm og ljóst hafi verið að endurskipulagning á fjárhag þess þyrfti að eiga sér stað til þess að unnt



væri að halda rekstri þess áfram. Sú endurskipulagning hafi átt sér stað og ljóst hafi verið að hvorki Landsbanki Íslands hf. né Landsbankinn hf. hafi verið heppilegir aðilar til að halda ráðandi hlut í félaginu til frambúðar, enda um samkeppnisrekstur að ræða á mikilvægum neytendamarkaði. Þá hafi sérleyfishafi Toyota (Toyota Motor Europe) ekki samþykkt þessa aðila sem framtíðareigendur félagsins.

Gert er ráð fyrir að dótturfélag að fullu í eigu Landsbankans muni fara með 40% eignarhlut bankans í Toyota. Fram kemur í samrunaskránni að samhliða kaupunum hafi BIF og Landsbankinn gert með sér hluthafasamkomulag þar sem gerð hafi verið grein fyrir skipan stjórnar og ákvörðunarvaldi að því er varðaði hefðbundinn rekstur Toyota og mikilvægar ákvarðanir er tengjast stefnu og rekstri Toyota. Sameiginlegur skilningur sé á milli aðila að BIF fari eitt með yfirráð Toyota. Fyrirhugað sé að reka það áfram sem dótturfélag og sjálfstæðan lögaðila innan BIF samstæðunnar.

Innan samstæðu BIF eða undir yfirráðum eigenda BIF eru eftirtalin félög:

- Bílaverkstæði Borgþórs ehf.,
- Eignarhaldsfélagið Bifreiðar ehf.,
- Okkar bílaleiga ehf.,
- Bergey fasteignafélag ehf. (félagið hefur nú verið tekið til gjaldþrotaskipta),
- Bílaútleigan ehf.,
- THM Iceland ehf.,
- Toppbílar ehf.,
- Skorri ehf.,
- Eignarhaldsfélagið Gerðuberg ehf.,
- Jú ehf. og
- TK bílar ehf.

Í samrunaskrá er gerð nánari grein fyrir starfsemi, eignarhaldi, yfirráðum og veltu þessara félaga.

III.

Niðurstaða

Samkeppniseftirlitið hefur fjallað töluvert um aðkomu banka að eignarhaldi á atvinnufyrirtækjum á nýliðnum misserum. Má í því sambandi benda á álit Samkeppniseftirlitsins nr. 3/2008, *Ákvarðanir banka og stjórnvalda um framtíð fyrirtækja á samkeppnismörkuðum*, skýrslu nr. 2/2008, *Öflug uppbygging - opnun markaða og efling atvinnustarfsemi*, umræðuskjal nr. 2/2009, *Bankar og endurskipulagning fyrirtækja* og skýrslu Samkeppniseftirlitsins nr. 2/2011, *Samkeppni eftir hrun*.

Þá ber að líta til úrskurðar áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 18/2009, *Síminn gegn Samkeppniseftirlitinu*. Hafði þessi úrskurður mikla þýðingu við úrlausn mála sem varða eignarhald banka á atvinnufyrirtækjum. Var úrskurðurinn á þá leið að ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 34/2009, *Samruni eignarhaldsfélagsins Vestia ehf. og Teymis hf.* var ógilt og var lagt fyrir stofnunina að setja samruna Teymis og Vestia skilyrði til að koma í veg fyrir þau samkeppnislegu vandamál sem nefndin taldi stafa af samrunanum við þær sérstöku aðstæður sem uppi væru í íslensku atvinnulífi. Var það gert með ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 7/2010 sem birt var 31. mars 2010. Sama dag voru



einnig birtar ákvarðanir vegna yfirtöku Íslandsbanka hf. á bifreiðaumboðunum Bifreiðum & Landbúnaðarvélum ehf. og Ingvari Helgasyni ehf. (ákvörðun nr. 8/2010) og yfirtöku Arion banka hf. á Högum hf. (ákvörðun nr. 6/2010).

Einnig má benda á ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 1/2011 *Kaup Framtakssjóðs Íslands slhf. á Eignarhaldsfélaginu Vestia ehf.* Í því máli lá fyrir að Landsbankinn (þá NBI) myndi áfram eiga stóran hlut í Framtakssjóði Íslands (FSÍ). Af þeirri ástæðu taldi Samkeppniseftirlitið nauðsynlegt að setja samrunanum skilyrði sem m.a. takmörkuðu áhrif eignarhluta Landsbankans í FSÍ auk skilyrða sem var ætlað að tryggja samkeppnislegt sjálfstæði atvinnufyrirtækja í eigu FSÍ.

Að mati Samkeppniseftirlitsins eiga sambærileg sjónarmið við um eignarhluti Landsbankans í Toyota og í framangreindri ákvörðun sem og þann samruna sem áfrýjunarnefnd samkeppnismála fjallaði um í máli nr. 18/2009 og vísað var til hér að framan.

1.

Skilgreining markaða

Samkvæmt 4. gr. samkeppnislaga er markaður sölusvæði vöru og staðgengdarvöru og/eða sölusvæði þjónustu og staðgengdarþjónustu. Hagfræðileg rök leiða til þess að skoða verður viðkomandi markaði út frá að minnsta kosti tveimur sjónarhornum. Annars vegar vöru- eða þjónustumarkaðnum og hins vegar út frá landfræðilega markaðnum. Hafa ber þó í huga að markaðsskilgreiningar í samkeppnisrétti geta ekki verið nákvæmar og eru aðeins notaðar til viðmiðunar, sbr. t.d. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 8/2008, *Fiskmarkaður Íslands hf. gegn Samkeppniseftirlitinu*.

Með viðkomandi vöru- eða þjónustumarkaði er átt við markað fyrir allar vörur og þjónustu sem neytendur líta á sem staðgönguvörur eða staðgönguþjónustu vegna eiginleika þeirra, verðs og áformaðrar notkunar. Staðgönguvara eða staðgönguþjónusta er vara eða þjónusta sem að fullu eða verulegu leyti getur komið í stað annarrar vöru eða þjónustu.

Í samkeppnisrétti er landfræðilegi markaðurinn það svæði þar sem samkeppnisskilyrði eru nægjanlega lík til þess að unnt sé að greina þau frá öðrum svæðum í samkeppnislegu tilliti, sbr. t.d. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 3/2008 *Hf. Eimskipafélag Íslands gegn Samkeppniseftirlitinu*. Er hér um að ræða landsvæði þar sem hlutaðeigandi fyrirtæki eru viðriðin framboð og eftirspurn eftir viðkomandi vöru eða þjónustu og sem unnt er að greina frá nærliggjandi svæðum, einkum vegna þess að samkeppnisskilyrði eru greinilega frábrugðin á þeim svæðum. Meðal þátta sem skipta máli við mat á viðkomandi landfræðilegum markaði eru eðli og einkenni viðkomandi vöru eða þjónustu, hugsanlegar aðgangshindranir eða neytendavenjur, greinilegur munur á markaðshlutdeild fyrirtækja á viðkomandi svæði og aðliggjandi svæðum, verðmunur og flutningskostnaður.

Að mati samrunaaðila eru hinir skilgreindu markaðir málsins (i) heildsala á nýjum bílum, (ii) smásala á nýjum og notuðum bílum og (iii) sala á þjónustu í gegnum bifreiðaverkstæði. Þá er ætlað að hinn landfræðilegi markaður málsins sé Ísland.



Eins og mál þetta er vaxið telur Samkeppniseftirlitið ekki ástæðu til að skilgreina markaði málsins með öðrum eða ítarlegri hætti en gert er í samrunaskrá. Benda má á að mögulegt væri að sundurgreina markaðinn frekar til að mynda eftir því hvort um sé að ræða hópferðabifreiðar, fólksbíla, sendiferðabíla eða vörubifreiðar. Jafnframt kynni að koma til álita í einhverjum tilvikum að líta á markaðinn fyrir notað og nýja bíla sem tvo aðgreinanlega markaði.

2.

Staða fyrirtækja á mörkuðum málsins

Samkvæmt samrunaskrá hefur starfsemi BIF til þessa einvörðungu falist í eignarhaldi og ráðgjöf vegna Bílaverkstæðis Borgþórs ehf. Engin starfsemi er í því félagi og því starfar BIF ekki á neinum markaði sem stendur. Starfsemi Toyota felst í því að flytja inn og selja í heildsölu bifreiðar frá bílaframleiðendunum Toyota og Lexus, auk þess sem félagið flytur inn og selur vara- og aukahluti til þjónustu- og söluaðila Toyota hér á landi.

Samrunaaðilar telja að helstu keppinautar Toyota á markaði fyrir heildsölu á bifreiðum séu bifreiðaumboðin Hekla, Ingvar Helgason/B&L, Brimborg, Bílabúð Benna, Suzuki, Askja og Bernhard. Sé tekið mið af þeirri markaðshlutdeild sem Umferðastofa birti hafði Toyota um 19,8% markaðshlutdeild á markaði fyrir heildsölu á bifreiðum árið 2010. Samrunaaðilarnir telja hins vegar að markaðshlutdeild Toyota hafi lækkað nokkuð það sem af er árinu 2011 og sé nú um [...]¹%.

Á markaði fyrir smásölu nýrra og notaðra bifreiða eru helstu keppinautar samrunaaðila þeir sömu og nefndir eru að ofan auk þess sem við bætast fjöldi bílasala sem selja notaðar bifreiðar. Áætla samrunaaðilar að hlutdeild TK bíla (smásöluaðili Toyota á Íslandi) sé um [...]²% á þessum markaði.

Landsbankinn er fjármálafyrirtæki sem starfar samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Starfrækir félagið viðskiptabanka. Er Landsbankanum heimilt að stunda hverja þá starfsemi sem fjármálafyrirtækjum er heimil samkvæmt lögum á hverjum tíma.

Samkeppniseftirlitið hefur fjallað um viðskiptabankamarkað í ýmsum ákvörðunum. Í ákvörðun nr. 50/2008 *Samruni SPRON og Kaupþings* er að finna ítarlega greiningu á viðskiptabankamarkaði. Í þeirri ákvörðun komst Samkeppniseftirlitið að þeirri niðurstöðu að þrjú viðskiptabankar hefðu sameiginlega markaðsráðandi stöðu á markaðnum fyrir viðskiptabankþjónustu við einstaklinga og smærri fyrirtæki. Nú er sama starfsemi rekin á Íslandi undir merkjum Landsbankans, Arion banka hf. og Íslandsbanka hf. Samkeppniseftirlitið hefur í síðari ákvörðunum sem Landsbankann (NBI) varða talið að sömu eða sambærileg sjónarmið eigi enn við, sbr. ákvarðanir nr. 49/2009, *Samruni Kaupþings banka hf. og Arion banka hf.*, nr. 20/2010 *Yfirtaka eignarhaldsfélagsins Vestia ehf. á Plastprenti hf.* og ákvörðun nr. 1/2011, *Kaup Framtakssjóðs Íslands slhf. á Eignarhaldsfélaginu Vestia ehf.*

Samkeppniseftirlitið hefur undanfarið aflað upplýsinga og metið markaðshlutdeild á viðskiptabankamarkaði, sbr. m.a. rit Samkeppniseftirlitsins nr. 1/2011 *Samkeppni á*

¹ Trúnaðarmál

² Trúnaðarmál



bankamarkaði og ákvörðun nr. 33/2011 Yfirtaka Íslandsbanka hf. á Byr hf. þar sem er að finna eftirfarandi töflu yfir markaðshlutdeild bankanna:

Tafla 1: Markaðshlutdeild útlána til heimila og fyrirtækja í júní 2011

Banki	Heimili	Fyrirtæki
Landsbankinn	30-35%	35-40%
Íslandsbanki	30-35%	25-30%
Arion banki	20-25%	25-30%
Byr	10-15%	5-10%
MP banki	0-5%	0-5%
Aðrir	0-5%	0-5%
Samtals	100%	100%

Staða Landsbankans á viðskiptabankamarkaði er sterk, sbr. þau sjónarmið áfrýjunarnefndar samkeppnismála sem birtast í áðurnefndum úrskurði nefndarinnar nr. 18/2009 og rakin voru hér á undan.

Líkt og í áðurnefndu máli er varðaði eignarhluti Landsbankans í FSÍ³ hefur nákvæm greining á stöðu Landsbankans ekki úrslitaáhrif á niðurstöðu þessa máls. Ljóst er að staða bankans á íslenskum bankamarkaði er tiltölulega sterk og markaðshlutdeild bankans há. Þá eru jafnframt líkur á að Landsbankinn sé í sameiginlegri markaðsráðandi stöðu með Íslandsbanka og Arion banka líkt og Landsbanki Íslands hf. var talinn vera í sameiginlegri markaðsráðandi stöðu með Glitni banka hf. og Kaupþing banka hf. Þessi staða Landsbankans styrkir enn frekar stöðu Toyota. Telur Samkeppniseftirlitið því að umræddur samruni hafi í för með sér hættu á því að samkeppni verði raskað.

3.

Samkeppnisleg áhrif samrunans

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruninn leiði til þess að markaðsráðandi staða verði til eða styrkist eða verði til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c samkeppnislaga. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrk að geta hindrað samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og að það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda.

Starfsemi Toyota felst í því að flytja inn og selja í heildsölu bifreiðar, auk þess sem félagið flytur inn og selur vara- og aukahluti til þjónustu- og söluaðila Toyota hér á landi. BIF fer með eignarhald og yfirráð Bílaverkstæðis Borgþórs ehf. en ekki hefur verið um að ræða eiginlega atvinnustarfsemi í því félagi. Eigendur BIF reka hins vegar atvinnustarfsemi í ýmsum öðrum félögum, sbr. upptalningu í kaflanum hér á undan. Ber þar helst að nefna TK bíla ehf. (áður M. Kristinsson ehf.) en starfsemi þess felst í smásölu á nýjum og notuðum bifreiðum, auk þjónustu við eigendur Toyota og Lexus bifreiða í gegnum verslun og verkstæði félagsins í Kópavogi. Samkvæmt samrunaskrá er fyrirhugað að reka Toyota áfram sem dótturfélag og sjálfstæðan lögaðila innan BIF samstæðunnar.

³Ákvörðun nr. 1/2011, *Kaup Framtakssjóðs Íslands slhf. á Eignarhaldsfélaginu Vestia ehf.*



Í máli þessu ber að hafa í huga að heildsala og smásala á Toyota bifreiðum hefur lengst af verið í höndum sömu aðila. Þannig var P. Samúelsson hf. forveri Toyota og M. Kristinssonar áður en félaginu var skipt upp af nýjum eigendum árið 2006 í þeim tilgangi að aðgreina innflutning frá smásölu. Eftir það var félagið að fullu í eigu Bergeyjar eignarhaldsfélags ehf. en það félag átti jafnframt M. Kristinsson ehf. og fleiri félög tengd þessum samruna. Árið 2009 voru öll dótturfélög Bergeyjar tekin yfir af Landsbanka Íslands hf. (gamli Landsbankinn) í tengslum við fullnustuaðgerðir bankans við eigendur félaganna. Um þessar fullnustuaðgerðir var m.a. fjallað í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 23/2011 *Brot Landsbanka Íslands hf. á skyldu til þess að tilkynna um samruna*.

Með hliðsjón af framangreindu telur Samkeppniseftirlitið að kaup BIF á 60% eignarhlut í Toyota leiði hvorki til þess að verulegar breytingar verði á uppbyggingu markaðarins né að markaðsráðandi staða verði til eða styrkist. Hins vegar telur Samkeppniseftirlitið að sú staðreynd að Landsbankinn mun áfram fara með 40% eignarhlut í Toyota geti að óbreyttu leitt til röskunar á samkeppni, sbr. 17. gr. c samkeppnislaga.

Þrátt fyrir að Landsbankinn og BIF hafi lýst því yfir, m.a. með vísan til hluthafasamkomulags þeirra, að sameiginlegur skilningur sé á milli þeirra að BIF mun eitt fara með yfirráð Toyota þá liggur fyrir að Landsbankinn mun áfram eiga stóran hlut í Toyota. Með því geta að mati Samkeppniseftirlitsins skapast margvísleg samkeppnisleg vandkvæði af sama toga og áfrýjunarnefnd samkeppnismála fjallaði um í úrskurði sínum nr. 18/2009, *Síminn gegn Samkeppniseftirlitinu* og fjallað er um í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 1/2011 *Kaup Framtakssjóðs Íslands slhf. á Eignarhaldsfélaginu Vestia ehf.* Í máli þessu er mikilvægt að líta til þess að Landsbankinn hefur töluverða markaðshlutdeild á viðskiptabankamarkaði [...].⁴

Með vísan til framangreinds er það mat Samkeppniseftirlitsins að sá samruni sem hér um ræðir leiði að óbreyttu til röskunar á samkeppni.

4.

Íhlutun

Af framangreindu leiðir að tilefni er til íhlutunar á grundvelli 17. gr. c samkeppnislaga vegna samrunans. Landsbankinn og BIF hafa lýst yfir vilja til þess að gangast undir sátt í málinu á grundvelli 17. gr. f laganna og 22. gr. reglna um málsmeðferð Samkeppniseftirlitsins nr. 880/2005. Viðræður við samrunaaðila hafa leitt til sáttar í málinu. Sáttin felur í sér neðangreind skilyrði sem sett eru fram í ákvörðunarorðum. Telur Samkeppniseftirlitið að skilyrðin leysi hin samkeppnislegu vandamál sem stafa af samrunanum.

⁴ Trúnaðarmál



IV.

Ákvörðunarorð:

„Með kaupsamningi, dags. 23. júní 2011 keypti Landsbankinn hf. alla eignarhluti í Toyota á Íslandi ehf. Sama dag keypti Bifreiðainnflutningur ehf. 60% af eignarhlut Landsbankans hf. í Toyota á Íslandi ehf. Framangreint felur í sér samruna í skilningi 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005. Með heimild í 17. gr. laganna eru samrunanum sett skilyrði. Með setningu eftirfarandi skilyrða er ekki þörf á ógildingum samrunans:

1.

Aðgerðir gegn skaðlegum hagsmunatengslum

1.1

Almennt

Markmið sáttar þessarar er að tryggja að viðskiptatengsl Landsbankans við fyrirtæki sem starfa á sömu eða skyldum mörkuðum og Toyota og fyrirtæki innan sömu samstæðu eða fyrirtæki sem eigendur Toyota hafa yfirráð yfir skaði ekki samkeppni. Skal Landsbankinn í því skyni og eins og honum frekast er unnt tryggja sjálfstæði Toyota á samkeppnismarkaði.

Taka skal fram að BIF fer með 60% eignarhlutar í Toyota. BIF og Toyota teljast því hluti sömu fyrirtækjasamstæðu í skilningi 3. tl. 1. mgr. 4. gr. samkeppnislaga.

1.2

Eignarhald Toyota skal falid sérstöku eignarhaldsfélagi

Eignarhlut bankans í Toyota verður komið fyrir í eignarhaldsfélagi í eigu bankans (hér eftir Eignarhaldsfélagið). Eignarhaldsfélagið skal lúta eftirfarandi reglum að lágmarki:

- a) Stjórnarmönnum í Eignarhaldsfélaginu og starfsmönnum þess er óheimilt að grípa til nokkurra ráðstafana sem dregið geta úr viðskiptalegu sjálfstæði Toyota eða takmarkað samkeppni á þeim mörkuðum sem Toyota starfa á.
- b) Stjórn og starfsmönnum Landsbankans er óheimilt að beina fyrirmælum, tilmælum eða ábendingum til stjórnarmanna eða starfsmanna Eignarhaldsfélagsins og Toyota sem miða að eða geta haft þau skaðlegu áhrif sem tilgreind eru í a-lið.
- c) Þess skal gætt að mótuð verði sjálfstæð eigendastefna vegna 40% eignarhlutar Eignarhaldsfélagsins í Toyota þar sem Toyota eru sett sjálfstæð rekstrarmarkmið. Hafa skal eðlileg arðsemisjónarmið að leiðarljósi í rekstri Toyota. Skýr krafa skal gerð til stjórnenda Toyota um að þeir fylgi eigendastefnu og kröfu um eðlilega arðsemi.



- d) Skilgreina skal þjónustu stoðdeilda bankans við Eignarhaldsfélagið og skal tryggja að sú þjónusta falli að öðrum ákvæðum þessarar greinar.
- e) Stjórnarmenn og framkvæmdastjóri Eignarhaldsfélagsins skulu undirrita yfirlýsingu. Í henni skal hlutaðeigandi lýsa því yfir að hann hafi kynnt sér þau fyrirmæli sem felast í sátt þessari og hann heiti því að virða þau.

1.3.

Stjórn Toyota

Stjórnarmenn í Toyota skulu vera óháðir Eignarhaldsfélaginu og Landsbankanum. Stjórnarmaður telst óháður ef hann er ekki starfsmaður eða stjórnarmaður hjá bankanum eða fyrirtækjum sem bankinn á meira en 15% eignarhlut í, er ekki maki stjórnarmanns eða stjórnanda hjá ofangreindum aðilum, skyldur þeim í beinan legg eða fyrsta legg til hliðar. Einnig telst stjórnarmaður óháður ef hann er ekki verulega háður framangreindum aðilum í störfum sínum. Þeir sem t.d. sinna reglubundið hagsmunagæslu og/eða ráðgjafarstöfum fyrir framangreinda aðila og hafa meirihluta tekna sinna af viðskiptum við framangreinda aðila uppfylla ekki þetta skilyrði.

1.4

Tryggja skal sjálfstæði Toyota gagnvart Landsbankanum

Landsbankinn skal tryggja með nauðsynlegum aðgerðum að annars vegar starfsmenn bankans sem koma að úrlausnarferli Toyota og hins vegar starfsmenn á þeim sviðum bankans sem koma að ákvörðunum um útlán til keppinauta eða mikilvægra viðskiptavina Toyota og systurfélaga þess fari með viðkvæmar trúnaðarupplýsingar þannig að ekki skapist hætta á óeðlilegum gerningum eða röskun á samkeppni.

1.5

Tryggja skal sjálfstæði á milli Toyota og tengdra fyrirtækja

Landsbankinn skal, eins og bankanum er unnt í krafti eignarhlutar síns og yferráða hverju sinni, tryggja fullt sjálfstæði Toyota og systurfélaga þess gagnvart keppinautum og mikilvægum viðskiptavinum Toyota sem eru á hverjum tíma, að fullu eða að hluta, í eigu Landsbankans (nefnd hér eftir tengd fyrirtæki).

Landsbankinn skal tryggja að starfsmenn bankans miðli ekki viðkvæmum upplýsingum um starfsemi Toyota og tengdra fyrirtækja á milli þeirra.

1.6



Óheimilt er að hlutast til um viðskipti milli Toyota og tengdra fyrirtækja

Ef um er að ræða viðskipti á milli Toyota og tengdra fyrirtækja skulu þau vera á viðskiptalegum forsendum eins og um viðskipti milli ótengdra aðila væri að ræða. Þá skal viðskiptastefna Toyota vera algerlega óháð tengdum fyrirtækjum í eigu bankans. Hvorki bankinn né Eignarhaldsfélagið skulu hafa afskipti af viðskiptum á milli Toyota og tengdra félaga. Er bankanum t.d. óheimilt að beita sér fyrir því að Toyota beini viðskiptum til tengdra fyrirtækja. Jafnframt er bankanum óheimilt að hafa afskipti af viðskiptum milli tengdra fyrirtækja og Toyota.

1.7

Bankanum er óheimilt að hlutast til um viðskipti á milli Toyota og annarra viðskiptavina bankans

Landsbankanum og Eignarhaldsfélaginu er óheimilt að hafa afskipti af viðskiptum milli Toyota og systurfélaga og annarra viðskiptavina bankans. Þannig er bankanum t.d. óheimilt að beita sér fyrir því að viðskiptavinir hans beini viðskiptum sínum til Toyota eða systurfélaga þess eða að Toyota beini viðskiptum sínum til annarra viðskiptavina bankans.

1.8

Bankinn skal gæta jafnræðis og trúnaðar milli Toyota og viðskiptavina bankans. Landsbankinn skal gæta jafnræðis á milli annars vegar Toyota og móður- og systurfélaga þess og hins vegar annarra viðskiptavina bankans.

Landsbankinn skal tryggja með nauðsynlegum aðgerðum að ekki berist til Toyota viðkvæmar upplýsingar sem bankinn býr yfir eða kann að búa yfir um keppinauta eða viðskiptavini Toyota.

Landsbankinn skal tryggja með nauðsynlegum aðgerðum að viðkvæmar upplýsingar sem bankinn býr yfir um Toyota berist ekki til keppinauta eða viðskiptavina Toyota.

2.

Upplýsingagjöf

2.1

Opinber upplýsingagjöf um starfsemi Eignarhaldsfélagsins og framkvæmd á skilyrðum

Landsbankinn skal birta á heimasíðu sinni upplýsingar um eftirfarandi að lágmarki:

- a) Skipan stjórnar Eignarhaldsfélagsins.



- b) Lista yfir alla eignarhluti Eignarhaldsfélagsins og stærð eignarhluta í einstökum félögum, ásamt upplýsingum um fulltrúa Eignarhaldsfélagsins í stjórn viðkomandi félaga.

Landsbankinn skal að lágmarki birta á heimasíðu sinni upplýsingar sem útskýra framkvæmd bankans á þessari sátt.

2.2

Opinber upplýsingagjöf um starfsemi Toyota

Á meðan Landsbankinn á eignarhlut í Toyota skulu eftirfarandi upplýsingar um starfsemi og rekstur Toyota vera aðgengilegar opinberlega, t.d. á heimasíðu félagsins og/eða heimasíðu Landsbankans:

- a) Upplýsingar um skipan stjórnar Toyota ásamt upplýsingum um forstjóra félagsins og eftir atvikum helstu stjórnendur. Þá skal upplýsa um allar breytingar á skipan stjórnar þegar þær eiga sér stað.
- b) Upplýsingar um stærð eignarhlutar bankans og breytingar á honum, þegar þær eiga sér stað.
- c) Ársreikningur Toyota og átta mánaða uppgjör. Birting skal fara fram eigi síðar en þremur mánuðum eftir að uppgjörstímabili lýkur. Átta mánaða uppgjör (uppgjör 1. janúar til 31. ágúst ár hvert) skal að lágmarki innihalda rekstrartekjur félagsins, rekstrarhagnað fyrir afskriftir og fjármagnsliði og hagnað eða tap tímabilsins, efnahagsreikning og sjóðstreymi. Jafnframt skal gera grein fyrir áritun endurskoðanda sé reikningur félagsins endurskoðaður.

3.

Eftirlit innan bankans og Eignarhaldsfélagsins

Stjórn Landsbankans skal fela óháðum aðila eða aðilum eftirlit með því að skilyrðum sáttar þessarar sé fylgt. Með óháðum aðila er hér átt við aðila sem ráðinn er af stjórninni og kemur ekki með neinum hætti að framkvæmd skilyrða sáttar þessarar eða starfsemi bankans eða Eignarhaldsfélagsins sem tengist skilyrðum sáttarinnar.

Skal stjórnin tryggja að viðkomandi eftirlitsaðili njóti nægilegra heimilda og sjálfstæðis til þess að geta framkvæmt þetta eftirlit með trúverðugum hætti. Skal t.d. tryggt að eftirlitsaðilinn geti aflað sér utanaðkomandi sérfræðiaðstoðar ef hann telur þörf á því. Skal stjórnin upplýsa Samkeppniseftirlitið fyrir 30. nóvember nk. um hvernig framangreint verður tryggt.

Eftirlit samkvæmt 1. mgr. skal að lágmarki fela í sér eftirfarandi:

- a) Að gengið sé úr skugga um hvort farið hafi verið að sátt þessari af hálfu bankans og Eignarhaldsfélagsins. Í því felst mat á því hvort verkferlar bankans séu fullnægjandi og hvort farið hafi verið eftir þeim.
- b) Að sérstaklega sé kannað hvort eðlileg arðsemissjónarmið séu höfð að leiðarljósi í rekstri Toyota.



- c) Að fylgst sé með því að stjórnarmenn Toyota og Eignarhaldsfélagsins uppfylli skilyrði sáttar þessarar.
- d) Að fylgst sé með því að viðskipti bankans við fyrirtæki á tengdum mörkuðum eða sama markaði og Toyota starfa á séu í samræmi við ákvæði sáttar þessarar.
- e) Að fylgst sé með því að viðskipti Toyota við Landsbankann og félög í eigu bankans séu í samræmi við ákvæði sáttar þessarar.

Eftirlitsaðili skv. 1. mgr. skal senda Samkeppniseftirlitinu skýrslu um starf sitt fyrir lok apríl og októbermánaða á meðan Landsbankinn á eignarhlut í Toyota. Skýrslan skal að lágmarki geyma þær upplýsingar og mat sem kveðið er á um í 3. mgr. þessarar greinar.

4.

Yfirlýsing

Æðstu stjórnendur Landsbankans, starfsmenn úrlausnarteymis Toyota, stjórnarmenn og starfsmenn Eignarhaldsfélagsins og stjórnarmenn Toyota og BIF skulu undirrita yfirlýsingu þar sem hlutaðeigandi lýsir því yfir að hann hafi kynnt sér þau fyrirmæli sem felast í þessari sátt og hann heiti því að virða þau að öllu leyti.

5.

Önnur ákvæði

Þau skilyrði sem fram koma í þessari sátt falla niður þegar Landsbankinn hefur selt eignarhlut sinn að fullu í Toyota.

6.

Viðurlög

Brot á þeim fyrirmælum sem fram koma í ákvörðun þessari varða viðurlögum skv. IX. kafla samkeppnislaga."

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson